




Skýringarmynd eftir breytingu

1:5000

Deiliskipulag fyrir Garðahraun var samþykkt í skipulagsnefnd
Garðabæjar 7.maí 2003 og í bæjarstjórn Garðabæjar 15. maí 2003

Skýringar

- mörk deiliskipulags-breytingar
- mörk byggingarreita skv. skipulagi



Fyrirhuguð lóð fyrir spennistöð 1:200

Breytingar:

- Heiti gatna færð inn á uppdrátt sbr. samþykkt bæjarstjórnar á tillögu skipulagsstjóra að götuheitum 18.maí 2006.
- Til að laga legu lóða og byggingarreita betur að úfnu hrauninu hnikast allar lóðir til og breyta nokkuð um lögun auk þess sem stærðir allra lóða breytast lítillega. Mælingar á hrauninu voru gerðar og sýndu þær fram á að nauðsynlegt var að gera breytingarnar til þess að samræmi væri við ákvæði skipulagsins en í kafla 1.3.1. í skilmálum segir: "Taka verður ríkt tillit til umhverfisins".
- Göngustígar lagðir nær lóðamörkum til þess að stækka ósnortin svæði í hrauninum milli lóða.
- Göngustíg bætt við milli Hraunprýði 3 og 5 og meðfram Lyngprýði 6 en niðurstaða gatnahönnunar var sú nauðsynlegt er að leggja stofnæð fráveitu á þessum stað.
- Göngustígur milli Hraunprýði 7 og 9 felldur niður.
- Göngustígur ofan í hraundæld á milli Hraunprýði, Sandprýði og Dalprýði felldur út til þess að vernda hraunið betur.
- Lóð fyrir spennistöð HS bætt við við Garðahraunsveg (núverandi Álftanesveg).
- Gert var ráð fyrir framlengingu Gálgahraunsvegar til norðurs þannig að mögulegt væri að tengja fyrirhugaða byggð norðan við nýja hverfið (nú hefur bæjarstjórn reyndar ákveðið að hætta við þau áform)
- Lítið hringtorg við gatnamót Garðahraunsvegar og Kjarrprýði fellt niður.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.. Breytingin var samþykkt í skipulagsnefnd Garðabæjar þ. 23. ágúst, 2006 og í bæjarstjórn Garðabæjar þ. 7. september, 2006

Bæjarstjórn tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna

SKIPULAGSSTJÓRI GARÐABÆJAR

# GARÐAHRAUN - Norðurhluti
## GARÐABÆ

FYRIRVARAR OG SKÝRINGAR:

- Útskot fyrir strætisvagna eru ekki sýnd , en skipulag heimilar að þeim verði komið fyrir á hentugum stöðum við safngötur.
- Endanleg lega stíga og gatna ákvarðast nánar við hönnun.
- Staðsetning Álftanesvegar og annarra gatna er með fyrirvara um endanlega hönnun vegarins.
- Áskilinn er réttur til lagfæringa og leiðréttinga á skipulaginu við gerð mæliblaða svo og við endurgerð mæliblaða sem þarf að endurskoða með gildistöku skipulagsins.
- Um skipulag þetta gilda ennfremur skipulagsskýringar og skipulagsskilmálar.

MÓTVÆGISAÐGERÐIR VEGNA HLJÓÐVISTAR:

1. . Jarðvegsmön meðfram nýja Álftanesveginum, 3 m. á hæð, lengd 400 m.
2. . Jarðvegsmön / landmótun austan hringtorgs, 3 m. á hæð

# DEILISKIPULAGSBREYTING - 2

Dags. 21. ágúst 2006
Breytt 5. október 2006
Breytt, nóvember 2006

SKIPULAGSVINNA: ARKITEKTAR EINAR INGIMARSSON OG PÁLMAR ÓLASON, LYNGHÁLSI 3, 110 REYKJAVÍK
GRUNNUR: LOFTMYNDIR 2006. MYNDATAKA: LOFTMYNDIR EHF, LAUGAVEGI 13, 101 REYKJAVÍK.